

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings vegna hluta Kópaskerslínu 1, jarðstrengur í landi Brekku.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. apríl 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. mars 2023.

Í breytingunni felst að hluti núverandi Kópaskerslínu 1, um 2,5 km loftlína, verður tekinn niður og lögð í jörðu á öðrum stað í landi Brekku.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 17. apríl 2023.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2023